

Fundargerð hreppsnefndar 03. nóvember 2016

Fundur

Fundur nr. 50 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn

3. nóvember 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Hinrik Ingólfsson, Einar Björn Kristbergsson, Bárður Jónasson, Sigurjón Hauksson og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti Eyjólfur Sigurðsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. 1. Fundargerðir:

- Fræðslunefndar dags. 19. og 27. október 2016, fundargerðirnar samþykktar.
- Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 20. október 2016, fundargerðin samþykkt.
388. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, fundargerðin lögð fram til kynningar.
- Stjórnar SSA dags. 20. september, 6. október og 8. október 2016, Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
- Aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 23. september 2016, lögð fram til kynningar.
- Aðalfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 23. september 2016, lögð fram til kynningar.
148. Fundar Félagsmálanefndar, lögð fr til kynningar.
- Svæðisskipulagsnefndar SSA dags. 20. október 2016 lögð fram til kynningar.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá :

- Eiríki Heiðari Eiríkssyni varðandi byggingu við Fagrahjalla 1. Samþykkt var að formaður skipulags- og umhverfisnefndar, oddviti Vopnafjarðarhrepps og sveitarstjóri fundi með eignum Fagrahjalla 1, þriðjudaginn 8. nóvember um nýbyggingu á lóð Fagrahjalla 1.
- Minnispunktur frá Jóni Jónssyni lögmanni, varðandi Selárlaug lagðir fram til kynningar. Samþykkt að fela Jóni Jónssyni, lögmanni að vinna áfram að málinu.

3. Almenn mál :

1. Tillaga frá Sigríði Bragadóttur, Bárði Jónassyni og Magnúsi Þór Róbertssyni um akstur leikskólabarna úr dreifbýli Vopnafjarðarhrepps. Samþykkt var að vísa málinu til umsagnar fræðslunefndar. Þá var sveitarstjóra falið að kynna sér hvernig þessum málum er háttað hjá sambærilegum sveitarfélögum og greina kostnað við þjónustuna.
2. Lögð fram drög að samningi milli Vopnafjarðarhrepps og Austurbrúar, um starfsstöð Austurbrúar á Vopnafirði. Samþykkt að oddviti og sveitarstjóri fundi með fulltrúum Austurbrúar um samninginn og frágang á honum.
3. Lög fram til kynningar mál sem sveitarstjórn leggur fyrir Fjárlaganefnd Alþingis vegna gerðar fjárlaga fyrir árið 2017.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin síðan lesin upp og samhljóða samþykkt. Fundi slitið kl. 17:10

[Eylgigögn fundar 031116 \(2\).pdf](#)